

System 106
myndavélareining**GIRA**

5561 000

10867477 08/24

Almennar öryggisupplýsingar



Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast tengingu og uppsetningu raftækja!

Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal endanlegur kaupandi fá þær í hendur.

Nauðsynlegur fylgibúnaður

- System 106 taleining (vörunr. 5563 ..) með kallhnappæiningu (555. ..) eða útistöðvareiningu (vörunr. 5565 9..).
- Myndstýriening (vörunr. 1288 00).
- Gira innistöð með mynd (t.d. utanáliggjandi innistöð með mynd Plus).
- System 106 utanáliggjandi hús 1- til 5falt (vörunr. 5501 ..., 5502 ..., 5503 ..., 5504 ..., 5505 ...).

Fylgibúnaður

- Spennugjafi fyrir dyrasímakerfi DC 24 V 300 mA (vörunr. 1296 00).

Lýsing á virkni

Myndavélareiningin bætir myndeiginleikum við Gira dyrasímakerfi 106.


Innifalið

- 1 x System 106 myndavélareining
- 1 x notkunarleiðbeiningar
- 1 x myndkapall, stuttur
- 1 x myndkapall, langur


Gangið úr skugga um að ekkert vanti í umbúðirnar og að innihaldið sé óskemmt. Sjá „Ábyrgð“ ef einhverju er ábótavant.

Lýsing á tæki

Framhlíð




- 1 Framhlíð úr gleri
- 2 Op fyrir myndavélarlinsu




- 1 Snerill (4 x)
- 2 Snúningsrofi: Til að velja myndsvæði (0-9)
- 3 Tengir (2 x): Kerfiskapall
- 4 Tengir: Myndkapall
- 5 Festing fyrir framhlíð úr gleri (4 x)


Sjónsvið myndavélar



Drehknopf Position 0



Drehknopf Position 9



Uppsetningarstaður valinn

Gæta þarf að eftirfarandi atriðum við val á uppsetningarstað:

- **Ljós á móti:** Beinið linsu myndavélarinnar ekki að sterku ljósi, t.d. götu- eða garðljósi. Gætið þess að sólin skíni ekki beint á linsuna.
- **Bakgrunnur í mynd:** Beinið myndavélinni ekki að mjög ljósum bakgrunni eða að bakgrunni með skörpum birtuskilum.
- **Lýsing:** Ef frekari lýsing er við innganginn má hún ekki lýsa beint framan á myndavélarlinsuna (sjá „Ljós á móti“).
- **Uppsetningarháð:** 1,50 m (ráðlagt).
- **Sjónsvið:** 100°

Hitarar í myndavél

Tveir hitarar eru í myndavélinni.

Nota þarf síðari hitarann í þeim tilvikum þar sem skyndilegar breytingar verða á hitastigi vegna aðstæðna á staðnum og móða myndast á glerinu á framhlíðinni.

Ef síðari hitarinn er notaður þarf aukaspennugjafi að vera til staðar.

Fyrri hitarinn kveikir sjálfkrafa á sér við < 6 °C og slekkur aftur á sér þegar hitastigið er komið upp í +12 °C.

Næturstilling



Skipt sjálfkrafa yfir í næturstillingu

Þegar birtustigið fer niður fyrir < 1 lx skiptir myndavélin sjálfkrafa yfir í næturstillingu meðan á samtali stendur. Næturstilling = Svarthvít mynd og HLC-eiginleikinn er virkur.

Innrauða lýsingin verður ekki virk nema að stillt sé á að nota þennan eiginleika á innistöðinni.

NR-stilling (Noise Reduction)

NR-stillingin sér til þess að ekki komi fram suð í myndinni þegar birtan er af skörnum skammti.

Innrauð lýsing

Með innrauðri lýsingu sést andlit viðmælandans skýrt og greinilega í næturstillingu.

Ef notaður er aukaspennugjafi eykst drægi innrauðu lýsingarinnar í 3 metra.

HLC-eiginleikinn (High Light Compensation)

HLC-eiginleikinn er notaður til að umbreyta ljósum svæðum í næturstillingu. Mjög ljósum svæðum (t.d. bílljósum) er þá umbreytt í svartan lit.

WD-eiginleikinn (Wide Dynamic)

WD-eiginleikinn lagfærir birtustig myndarinnar sjálfkrafa þannig að öll svæði á myndinni birtist greinilega. Fólk á dökku svæðunum á myndinni sést því vel.#

Myndavélareiningin tekin í notkun



Einingin sett upp

Leiðbeiningar fyrir eftirfarandi skref er að finna í uppsetningarleiðbeiningum fyrir System 106 utanáliggjandi hús 1- til 5falt:

- Læsið einingunni á festingunni.
- Stingið tengikaplinum í samband.
- Stillið álagsviðnám.



Álagsviðnám

Frá og með tvöfalda utanáliggjandi húsinu fylgja alltaf tvö álagsviðnám með.

Álagsviðnámmin eru alltaf sett á fyrstu og síðustu eininguna á kerfiskaplinum (sjá leiðbeiningar um notkun yfirborðshúss 1 til 5-falt).




Myndbandskapall



Einingin sett upp

Tengið myndbandskapalinn við tengið á myndavélareininguni og einnig við tal- eða hurðareininguna.



Pegar kallhnappur er tengdur (sjá notkunarleiðbeiningar með útistöðvar- eða kallhnappaþæiningu) er myndavélareiningin sjálfkrafa skráð.

Setja verður allan búnað (System 106 einingar, innistöðvar, stýrieingar o.s.frv.) upp áður til þess að allt gangi rétt fyrir sig þegar einingin er tekin í notkun.

Einingin grunnstillt

Svæði á mynd stillt

Með snúningsrofanum á bakhlíðinni er hægt að stækka tiltekin svæði (hvít) á heildarmyndinni (grá).

Raunverulegt sjónsvið er í samræmi við myndina sem kemur fram á íbúðarstöðinni og ekki við staðsetningu linsunnar.

Staða 0 = staða við afhendingu.

Snúningsrofi staðsetning á myndavélareiningu Raunverulegt sjónsvið á íbúðarstöðinni

0		Miðja
1		Miðja uppi
2		Hægri uppi
3		Miðja hægri
4		Hægri niðri
5		Miðja niðri
6		Vinstri niðri
7		Miðja vinstri
8		Vinstri uppi
9		4:3, þjappað



Stillingar með öðrum tækjum í dyrasímakerfinu

Eftirfarandi stillingum er breytt beint á innistöðvunum:

birtustigi, birtuskilum, lit, gangtíma og innrauðri lýsingu.

Nánari upplýsingar er að finna í notendahandbókinni fyrir viðkomandi íbúðarstöð.

Skipt um framhlið úr gleri

Ef glerframhliðin hefur skemmst þarf að snúa sér til viðkomandi söluaðila (fagverslunar/uppsetningarþjónustu/raftækjaverslunar).

Söluaðilinn fær afhent útskiptitæki gegnum Gira-þjónustumiðstöð Eftir að útskipti hafa farið fram þarf að senda bilaða tækið til Gira-þjónustumiðstöðvarinnar.

Tæknilegar upplýsingar

Spennugjafi: Í gegnum kerfi (flatkapall, 10 póla)
2 myndavélar um myndstýrieiningu
Myndavélar 3 og 4 í gegnum ytri aukaspennugjafa (DC 24 V)

Inngangsafl:
Biðstaða (hitastig > 6 °C): 80 mW
Biðstaða (hitastig < 6 °C): 1,2 W (kveikt á hitara 1)

Biðstaða (hitastig < -2 °C): 3,1 W (aukaspennugjafi tengdur, kveikt á hitara 1+ 2)

Myndavél virk: 2,7 W
Tengi: 2 x kerfi (flatkapall, 10 póla)
1 x mynd (hliðrænt)

Myndflaga myndavélar
Gerð: CMOS 1/3"
Upplausn: 2 MP
Sýnilegt sjónsvið: 100°
Birt sjónsvið (á skjá): 105° (snúningsrofi í stöðu 9)
85° með venjulegu 4:3-frálagi

Myndkerfi: PAL
Upplausn myndmerkis (hliðrænt CVBS): 50Hz/625 línur
Skiptir af dag- yfir á næturstillingu: 1 lx
Ljósnaemi í svarthvítu: 0,1 lx
Lokunartími rafræns lokara: allt að 1/60 000 s
Uppsetningarhæð: Ráðlagt: 1,50 m
Umhverfishiti: -25 °C til +70 °C
Varnarflokkur: IP54
Mál (B X H): 106,5 x 106,5 mm

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira

Service Center.

Gira

Gira
Giersiepen GmbH & Co KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 602 - 191
info@gira.de
www.gira.de